



Vinnustytting leikskóla Ísafjarðarbæjar.

Sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs, mannauðsstjóri og skóla- og sérkennslufulltrúi óska eftir að koma inn á fundinn.

Ísafjarðarbær tók þá ákvörðun í kjölfar nýrra kjarasamninga að bjóða starfsfólki sínu upp á styttingu vinnuvikunnar um 4 klst. sem er vel. Hver stofnun átti að útfæra hugmyndir eftir hvað hentaði inn í daglegt starf, enda þarfir og skyldur misjafnar.

Starfsfólk leikskólanna lögðu fram 2 leiðir að útfærslu á 4. tíma styttingu vinnuviku en þeir hafa fengið 3. klst. vinnustyttingu sl. ár og er mikil ánægja með það. Allir eru sammála um að þetta bæti starfsánægju á annars mjög svo krefjandi starfi. Starfsmenn hafa verið samstíga svo að allir geti komist í vinnustyttingu í hverri viku. Þó hafa starfsmenn sleppt vinnustyttingu ef upp hafa komið veikindi eða önnur óviðráðanleg fjarvera starfsmanna. Þegar starfsmenn hafa sleppt vinnustyttingu er það gert svo ekki þurfi að senda börn heim vegna undirmönnunar á deildum.

Með því að bæta við einni klukkustund í vinnustyttingu á viku fyrir hvern starfsmann skapast aðstæður á álagstíma milli kl. 12-13 þegar matar- og hvíldartími barnanna er á dagskipulaginu. Á þessum tíma þurfa allir starfsmenn deildarinnar að vera til staðar til að sinna börnunum. Ef deildin er undirmönnuð á þessum tíma þá getum við ekki tryggt öryggi barnanna.

„Í bókun bæjarráðs 30. nóvember 2020 óskar bæjarráð eftir því að skoðuð verði nánar útfærsla á vinnustyttingu á leikskólum sveitafélagsins, á þann hátt að vinnustytting starfsmanna komi til framkvæmda jafnóðum eins og hugmyndafræðin um vinnustyttingu gengur út á.“

Í nýundirrituðum kjarasamningum leikskólakennara kemur fram;

„Sérstök tillaga skal gerð um skipulag vinnutíma þess starfsfólks sem vinnur störf þar sem sveigjanlegum hléum verður ekki við komið og afleysinga er þörf. Með virkum vinnutíma er átt við þann tíma sem starfsmaður er við störf, hlé eru ýmist innan eða utan virks vinnutíma á einstökum vinnustöðum í samræmi við meðfylgjandi dæmi.“

Í dæmi III kemur eftirfarandi fram;

„Vinnutímanefndir geta einnig lagt til aðrar útfærslur og/eða fleiri en eina af ofangreindum leiðum, þegar því er við komið með tilliti til þarfa sveitafélags/stofnunar/ vinnustaðar og geta starfsmenn þá valið um útfærslu.“

Með hliðsjón af bókunum úr kjarasamningi leikskólakennara leggur sviðsstjóri skóla- og tómstundasvið, mannauðsstjóri og skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar til að endurskoðaðar verði eftirfarandi leiðir til vinnustyttinga leikskóla Ísafjarðarbæjar.

Útfærsla 1. Þar sem gert er ráð fyrir að vinnustytting starfsmanna komi til framkvæmda jafnóðum, er leið sem mun alltaf skapa kostnað fyrir sveitafélagið. Séu starfsmenn að taka 4 tíma styttingu á viku þýðir það fyrir stærsta skólann okkar sem í starfa um 40 starfsmenn um það bil 160 fjarverustundir á viku eða rúmlega 4 stöðugildi. Sé horft til þess að starfsmenn „eigi“ sína 4 tíma getur það á álagstímum veikinda og annarra fjarveru starfsmanna kostað það að börn verði send heim vegna þess að ekki væri hægt að tryggja öryggi þeirra ef upp koma neyðartilvik, eins og kveður á í lögum um leikskóla. Nú eða ef starfsmaður verður skikkaður til að fresta kjarasamningsbundnum undirbúningstíma sínum til að geta haldið deildinni opinn, þá þarf að greiða starfsmanninum yfirvinnu. Vikuleg samningsbundinn undirbúningstími starfsmanna til dæmis á Sólborg eru um 130 klst. eða rúmlega 500 klst. á mánuði.

Útfærsla 2. Þar sem leikskólanum yrði lokað milli jóla- og nýárs, er leið sem við erum sammála um að sé sú leið sem þarf ekki að kosta sveitafélagið neitt og sem styður við að við getum fylgt lögum um leikskóla sem kveða á um að í leikskólum skal velferð og hagrur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta

Með því að loka leikskólum Ísafjarðarbæjar í 2-4 daga milli jóla og nýjárs, þegar nýting foreldra á leikskólavist er í lámarki hefur verið 20-30% síðustu ár, er skerðing á þjónustu sársaukaminnst. Til að ekki þurfi að endurgreiða foreldrum gæti Ísafjarðarbær sagt upp öllum dvalarsamningum og sett inn viðbót við samninginn þar sem kæmi skýrt fram hvaða þjónusta er í boði þegar foreldrar þiggja leikskólapláss. Einnig þarf að taka ákvörðun um að sumarlokun verði 5 vikur í stað 4 vikna til að mæta auknum orlofsdögum starfsmanna samkvæmt nýjum kjarasamningum.

Það að sveitafélag reki leikskóla er ekki bundið í lög, en ef sveitafélag tekur þá ákvörðun þá þarf það að fylgja lögum um leikskóla og hafa eftirlit með að unnið sé eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólinn er samkvæmt lögum fyrsta skólastigið og ábyrgð er lögð á að hlúa að þroska hvers og eins einstaklings sem þar dvelur.

Fyrir rúmum 2 árum var skipaður starfshópur og var meginhlutverk hópsins að skoða starfsumhverfi leikskóla í víðum skilningi og koma með tillögur að úrbótum. Niðurstöður starfshópsins sem samþykktar voru í bæjarráði 2018 þóttu mjög svo til fyrirmyndar og mörg sveitafélög horfðu til okkar í sinni vinnu að bættu starfsumhverfi barna og starfsmanna í leikskólum.

Starfsfólkið á leikskólunum, er fólkið sem þekkir aðstæður best og telja þau eftir mikla vangaveltur að leið 2, sé sú leið sem hvað best sé til þess fallin að geta unnið eftir. Lög séu höfð að leiðarljósi og vinnuumhverfi barna og starfsmanna skapi sem minnsta álag og óöryggi. Við viljum að börnin séu ánægð og starfsfólk okkar sem þekkir aðstæður séu sátt og því leggjum við til að hlustað verði á raddir starfsfólksins.

SÁ, BJ og GB